



ÍSAFJARÐARBÆR

Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafjörður

sími: 450 8000, fax: 450 8008 info@isafjordur.is

isafjordur.is

## Minnisblað

Til: Fræðslunefndar  
Frá: Guðrúnu Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúa  
Dags: 28. september 2016  
Málsnúmer: 2016090090

### Sumarlokun Eyrarskjól og Sólborgar sumarið 2017

Leikskólastjórar Eyrarskjóls og Sólborgar hafa komið með tillögu að sumarlokun leikskólanna sumarið 2017. Það er óska eftir að loka í 4 vikur samfelld næsta sumar frá 17. júlí til 11. ágúst. Opna aftur mánudaginn 14. ágúst.

Þá færu allir í frí á sama tíma. Skólaárið á þá sinn endir og sitt upphaf. Þetta kæmi líka betur út fyrir foreldra 5 ára barna sem þurfa þá ekki að mæta með börnin sín aftur eftir frí. Einnig væri gott að skoða hvort Dægradvöl gæti tekið við væntanlegum 6 ára nemendum fram að þeim tíma er skólinn byrjar svo foreldrar lendi ekki í millibilsástandi.

Óskað er eftir að fræðslunefnd samþykki þessa tillögu.

Guðrún Birgisdóttir